



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, 426. mál

SSSK – Samtök sjálfstæðra skóla og SVP – Samtök verslunar og þjónustu vísa til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 30. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum (breytt valdmörk ráðuneyta, útvistun grunnskólahalds), 426. mál.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum við umrætt frumvarp er tilgangur þess fjórþættur, þ.e. í fyrsta lagi að leitast við að skýra betur valdmörk ráðuneyta sveitarstjórnarmála annars vegar og menntamála hins vegar, þ.e. innanríkisráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis, hvað varðar kæruleiðir vegna ákvarðana sem teknar eru í grunnskólum á vegum sveitarfélaga og lúta að réttindum eða skyldum einstakra nemenda. Í öðru lagi er fjallað um skilyrði þess að sveitarfélag feli rekstur grunnskóla í hendur einkaaðila. Í þriðja lagi er lögð til orðalagsbreyting þannig að fjallað er um skólaþjónustu í stað sérfræðiþjónustu í ýmsum ákvæðum laganna. Í fjórða lagi er með frumvarpinu lögð til breyting á orðalagi í grunnskólalögum um samvinnu sveitarfélaga um grunnskólahald til samræmis við sveitarstjórnarlög frá árinu 2011.

SSSK og SVP hafa kynnt sér fyrirbyggjandi frumvarp til breytinga á lögum um grunnskóla og vilja samtökin koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Samtökin byrja á því að fagna framkomnu frumvarpi og sér í lagi því ákvæði þess sem tekur af allan vafa um heimild til handa sveitarstjórnnum að fela sjálfstætt starfandi skólum rekstur grunnskóla innan marka viðkomandi sveitarfélags, nánar tiltekið 2. gr. frumvarpsins. Er hér um að ræða breytingu í samræmi við það baráttumál samtakanna um að jafna stöðu sjálfstætt starfandi skóla gagnvart skólum sem reknir eru af opinberum aðilum sem og stöðu einkarekinna skóla í íslensku menntakerfi. Samtökin gera því ekki athugasemdir hvað varðar markmið umræddrar 2. gr. frumvarpsins.

Þrátt fyrir framanritað telja samtökin mikilvægt að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum hvað varðar umrædda 2. gr., þ.e. þau atriði sem ekki er kveðið á um í ákvæði frumvarpsins en samtökin telja mikilvægt að tekin verði til nánari skoðunar af nefndinni í umfjöllun hennar um fyrirbyggjandi frumvarp.

Samtökin vekja athygli nefndarinnar á að í umræddri 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 43. gr. núgildandi grunnskólalaga, þ.e. að við ákvæðið bætist ný málsgrein sem verði 4. mgr. 43. gr. laganna. Í umræddu ákvæði frumvarpsins segir m.a.:

„Ef samningur sveitarfélags við rekstraraðila skv. 1. mgr. felur í sér eða leiðir til þess að nemendur og foreldrar hafa ekki val um hvort barn sækir nám í sjálfstætt



samtök sjálfstæðra skóla

starfandi grunnskóla eða grunnskóla sem sveitarfélagið starfrækir sjálf, svo sem ef rekstraraðili tekur að sér rekstur eina skóla sveitarfélagsins eða hluta hans eða rekstur allra skóla í sveitarfélagi, skal í þjónustusamningi og við viðurkenningu ráðherra koma fram að sveitarfélagi beri að tryggja að ákvæði grunnskólalaga séu uppfyllt. “

Af tilvitnuðum orðum ákvæðisins má ráða að með breytingu þessari er verið að koma til móts þau tilvik þar sem nemendur hafa ekki val um skóla, s.s. þar sem eingöngu einn skóli er rekinn í sveitarfélagi eða þar sem allir skólar innan marka sveitarfélagsins eru reknir af sama aðila. Þessi tvö tilvik eru ekki til þess fallin að valda vafa í túlkun. Hins vegar vandast málin þegar um er að ræða þau tilvik, sem vísað er til í ákvæðinu, þar sem segir að hluti skóla er rekinn af rekstraraðila, öðrum en sveitarfélagi. Að mati samtakanna kallar þessi tilvísun á túlkun hverju sinni sem og að ósvarað er með hvaða hætti rekstraraðilum er tryggt eðlilegt endurgjald af hálfu sveitarfélaga hvað þau tilvik varðar.

Tilvísun til þess að hluti skóla sé rekinn að sjálfstætt starfandi skólum getur þ.a.l. falið í sér að í sama sveitarfélagi verði starfandi bæði opinber grunnskóli sem og sjálfstætt starfandi skóli án þess að glögg skil séu gerð á milli starfsemi þessara aðila enda er litla leiðsögn að finna í texta frumvarpsins um skilin þar á milli. Mikilvægt er að tryggja að lagatextinn, sem og athugasemdir við hann, sé skýr og orki ekki tvímælis við túlkun á þeim lögskýringargögnum.

Þá hefur óskýrleiki hvað þetta varðar ekki eingöngu áhrif á túlkun um skil á milli starfsemi annars vegar opinbers skóla og hins vegar sjálfstætt starfandi skóla heldur einnig hvað varðar framlög til sjálfstætt starfandi skóla. Í þessu samhengi vísast til b-liðar málsgreinarinnar, sem verður 4. mgr. 43. gr. laganna verði frumvarpið samþykkt óbreytt, þar sem segir m.a. eftirfarandi:

„kennsla sé nemendum að kostnaðarlausu, sbr. 1. mgr. 31. gr., og gjaldtaka af nemendum og foreldrum vegna skólastarfs lúti sömu reglum og ef sveitarfélag ræki skólann sjálf.“

Ekki er sérstaklega fjallað um í athugasemdum við frumvarpið hvað felst í því að kennsla skuli vera nemendum að kostnaðarlausu. Af tómlæti þessu má ráða að sé sjálfstætt starfandi skóla veitt heimild til að starfrækja grunnskóla innan marka tiltekens sveitarfélags þá beri sveitarfélaginu að tryggja að kennsla í slíkum skóla skuli vera nemendum og forráðamönnum þeirra að kostnaðarlausu, sbr. tilvísun til 1. mgr. 31. gr. laganna. Í þessu felst einnig að sjálfstætt starfandi skólum er óheimilt að innheimta kostnað af nemendum vegna skólagöngu þeirra. Þannig er ljóst að á viðkomandi sveitarfélagi hvílir sú skylda að greiða sjálfstætt starfandi skóla, sem hefur heimild til að starfrækja grunnskóla, fullt og ótakmarkað framlag með hverjum nemanda sem hinn sjálfstætt starfandi skóli tekur á móti.

Að mati samtakanna er ósvarað í frumvarpinu hvernig tryggt verði að rekstraraðili taki ekki á sig fjárhagslega íþyngjandi kvaðir þar sem þessum aðilum er falið að reka hluta grunnskóla og því ekki um að ræða eina skólann í tilteknu sveitarfélagi, sbr. tilvísun til hluta skóla, ólíkt þeim tilvikum þar sem þessir aðilar reka annað hvort eina skólann eða alla skóla sveitarfélagsins. Þá benda samtökin á að ekki má ráða af umræddu ákvæði hvort um sé ræða tilvik þar sem sjálfstætt



starfandi skólum er falið að reka t.d. tiltekna árganga í skólum eða einstakar námsgreinar svo dæmi séu tekin.

Þannig er ekki loku skotið fyrir það að tilvik þessi geti tekið til þeirra aðstæðna þar sem sjálfstætt starfandi skólar starfa samhliða öðrum opinberum grunnskólun innan marka einstakra sveitarfélaga. Að mati samtakanna er hins vegar vafa undirorpið að þær kvaðir sem fram koma í umræddum b-lið sé ætlað að taka til slíkra tilvika. Í ljósi þessa er það vandkvæðum háð að leggja mat á áhrif þessara tilvika á starfsemi sjálfstætt starfandi skóla sem og þann hvata þeirra að taka að sér umræddan hlutarekstur skóla.

Að mati samtakanna er mikilvægt að fá niðurstöðu í framangreind álitamál enda getur óvissa um þau haft íþyngjandi áhrif á rekstur sjálfstætt starfandi skóla.

Að lokum benda samtökin á að í núverandi 4. mgr. 43. gr. grunnskólalaga, sem verður 5. mgr. ákvæðisins verði frumvarpið samþykkt óbreytt, er að finna heimild til handa ráðherra til að kveða nánar á um framkvæmd ákvæðisins í reglugerð. Verði umrætt frumvarp samþykkt sem lög er ljóst að taka þarf til endurskoðunar ákvæði núgildandi reglugerðar um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum og skólalaghlutverkum samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan, nr. 699/2012, en sú tiltekna reglugerð hefur óneitanlega veruleg áhrif á starfsemi sjálfstætt starfandi skóla. Að sama skapi er verið að fela framkvæmdarvaldinu viðamikil hlutverk að útfæra lög sem sett eru af Alþingi. Í ljósi þessa telja samtökin að heppilegra hefði verið að samhliða framlagningu fyrirbyggjandi frumvarps hefði einnig verið kynnt drög að breytingum á núgildandi reglugerð. Með slíku fyrirkomulagi hefði verið unnt að ráða hvaða áhrif fyrirbyggjandi tillögur hefðu á efni reglugerðarinnar og um leið á starfsemi sjálfstætt starfandi skóla.

Að öðru leyti gera SVP og SSSK ekki frekari athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllt,
f.h. SSSK og SVP


Sigríður Anna Guðjónsdóttir
formaður SSSK


Lárus M. K. Olafsson
lögmaður SVP